



Moodle, fyrstu leiðbeiningar fyrir nemendur:

Kennslukerfið okkar er hýst í Moodle og lítum við á það sem skóla í netheimum. Þar á hver áfangi sitt svæði og að auki er þar *Marmarinn* sem allir fjarnemendur okkar hafa aðgang að. Marmarinn er nokkurs konar miðrymi skólans í netheimum og þar eru ýmsar upplýsingar fyrir fjarnemendur, auk þess sem fjarnemendur geta þar verið í samskiptum við aðra fjarnemendur og fjarnámsstjóra.


Þegar þú kemur inn í kennslukerfið, kemur fram þitt **heimasvæði**: Marmarinn og áfanginn/áfangarnir sem þú valdir. Smelltu á áfanga og skoðaðu.




Til hægri á heimasvæði þínu er **Stikla**, þú getur alltaf komist aftur á þitt heimasvæði með því að ýta þar á *Forsíða vefs*. Smelltu á *Heimasvæði* og þá sérðu áfangana þína og að auki óleyst verkefni ef einhver eru:




Skoðaðu því næst **Áherslur á vefnum**, þar sérðu *Blogg*, *Tög* og *Dagatal*. Tög eru áhugamál notenda kennslukerfisins og þú getur skráð þín áhugamál ef þú vilt (sjá síðar). Þarna koma einnig fram tilkynningar ef einhverjar eru:




Þarna kemstu einnig í póstinn þinn og áfangana sem þú ert skráð(ur) í:



Fyrir neðan Stikluna, er svæði þar sem þú getur vistað einkaskrár þína, t.d. verkefni sem þú ætlar að vinna betur í síðar:




Ef þú smellir á píluna í hægra horninu efst, þá dettur niður felligluggi með ýmsum stöðum, þar á meðal eru **Stillingar**:



Þarna er hægt að breyta lykilorði og velja tungumálið sem kennslukerfið birtist þér á. Taktu eftir að þar getur þú valið sjálfgefið tungumál, það skal tekið fram að um 80% af kerfisupplýsingum hafa verið þýddar á íslensku. Smelltu síðan á **Breyta stillingum notanda** og skoðuðu hverju þú getur breytt þar.

Stillingar



Þarna getur þú líka sett inn mynd af þér (smelltu á veldu skrá) og skráð inn áhugamál og munu þau þá birtast sem *Tög* til hægri á síðunni. Að lokum þarf svo að vista upplýsingar með því að smella á *Uppfæra stillingar notanda*.



Skoðuðu endilega fleiri möguleika á fosíðunni, þú getur ekkert skemmt.

Gangi þér vel!

SK/Febrúar 2022